

Miðvikudaginn 9. desember 2015 kom stjórn og varastjórn samna til fundar á skrifstofu félaganna og hófst hann kl 18:30

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

Dagskrá:

1. Reglugerð fyrir verkfallssjóð og orlofssjóð.
Nefnd sem skipuð var fyrr á árinu leggur reglugerðina fyrir stjórnina.
Voru reglugerðinar samþykktar og verða þær birtar á bls 95-97.
2. Jólstyrkur.
Samþykkt að veita sameiginlegum hjálparsamtökum 400.000.- kr styrk.
3. Aðalfundur FVSA
Samþykkt að aðalfundur félagsins verði haldinn mánudaginn 22. febrúar 2016
4. Samþykkt
 - a. Að starfsdagur trúnaðarmanna verði 19. janúar 2016.
 - b. Dagskrá starfsdagsins: Elías Magnússon frá Kjaramáladeild VR sem mun fara yfir Kjarasamninginn , Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ , síðan var formanni falið að finna einn fyrirlesara til viðbótar.
5. Uppstillingarnefnd v/2016
Tillaga Einar Hjartarsson , Jón Rögnvaldsson , Guðlaug María Óskarsdóttir samþykkt.
6. Sumarleiga
 - a. Samþykkt að greiða niður inneignarbréf FF um kr 3.000.- Um n.k áramót á hver félagsmaður rétt á að kaupa 4 miða þ.e gistimiða og flugmiða á ári.
 - b. Framboð á orlofshúsum , orlofsstyrkjum og útilegukortum.
Samþykkt að hafa sama framboð á húsum og s.l sumar fyrir utan Kötluholt.
Samþykkt að veita 100 orlofsstyrki og 25 útilegukort.
 - c. Leiguverð 2016 – 2017. Samþykkt að fresta ákvörðum fram í janúar
 - d. Tillaga að opnað verði fyrir umsóknir á sumarleigu 4. febrúar 2016.
Umsóknarfrestur verði til 29.mars umsækjendur fá svar um úthlutun um mánaðamót mars/apríl og þurfa að greiða í síðasta lagi 11.apríl 2015. Opnað verði fyrir lausar orlofsvikur 15. apríl kl 12:00. Sumarleiga orlofshúsa er frá 1.júní til 19.ágúst
Samþykkt.
7. Fjárfestingastefna og ársreikningur 2015.
Farið var yfir lausafjárstöðu félagsins og samþykkt að hafa stefnuna óbreytta þ.e inn á bankareikningum. samþykkt að kanna hvort félagssjóður verði eigandi að nýrri íbúð í Mánatúni 13. Eins að skoða með að færa fasteignir á raunvirði.
Samþykkt að leggja fjárhagsáætlun fram í janúar n.k
8. Breytingar á styrkjum úr sjúkrasjóði
 - a. Styrkir vegna des. 2015 greiðist úr 30.des 2015

Kvittanir vegna styrkja 2015 þurfa að berast í síðasta lagi 29.des. annarst færast þeir á styrki vegna 2016, samþykkt.

- b. Tillaga um að skipuð verði 3 manna nefnd sem fer yfir styrki til félagsmanna og skila inn tillögum um breytingar til stjórnar FVSA og stjórnar sjúkrasjóðs fyrir nóvemberlok 2016. Í nefndinni sitja formaður FVSA , einn út stjórn FVSA og einn úr stjórn sjúkrasjóðs. Samþykkt að Eiður Stefánsson og Jón G. Rögnvaldsson sitji í nefndinni og mun stjórn sjúkrasjóðs velja sinn fulltrúa.
9. Brusselferð. Samþykkt að formaður fari í ferðina en félagið greiðir aðeins kostnað vegna ferða frá Akureyri til Keflavíkur auk uppihalds. Eins var samþykkt að senda starfsmann Guðlaugu Maríu Óskarsdóttur , ef sæti er í boði
10. Önnur mál
Nokkur umræða varð um Salek málið.
Fleira ekki gert fundi slitið
Fundarritari Kristín Þorgilsdóttir.